



Eiríkur Jónsson
læknir

Þrjú sjúkratilfelli Georgs Georgssonar læknis á Fáskrúðsfirði – og annað til

Í bók Elínar Pálmadóttur, *Fransí Biskví* (bls. 229-230, 2. útg. 2009), segir af merku læknisverki Georgs Georgssonar héraðslæknis á Fáskrúðsfirði. Þar segir:

Til dæmis er í minnum haft er Georg Georgsson tók með aðstoð franska læknisins af spítalaskipinu stóran sull úr höfði sjómannsins Jóns Magnússonar í Hvammi, sem var orðinn svo vankaður af meini þessu að hann var sagður ganga hringi á leiðinni neðan úr fjöru.

Spyrji maður gamla Fáskrúðsfirðinga um Georg lækni þá kemur þetta læknisafrek gjarnan við sögu og téður Jón.

Georg var menntaður í Læknaskólanum og útskrifaðist árið 1898. Í kjölfarið aflaði hann sér frekara náms og reynslu í Kaupmannahöfn og fór í stutta námsferð til Berlínar. Hann starfaði í rúma þrjá áratugi á Fáskrúðsfirði frá árunum 1900 til 1933 og sinnti íbúum sem og frönskum sjómönnum sem leituðu sér þar skjóls og lækninga. Eins og aðrir héraðslæknar sendi Georg landlækni reglulega árskýrslur en þessar skýrslur er gríðarlega merk aldafarslýsing og vitna um störf lækna í hinum ýmsu héruðum landsins. Ritun þeirra hófst 1804. Þær lúta ákveðinni uppskrift og margar þeirra eru allitarlegar. Þar kemur til dæmis fram fjöldi íbúa umdæmisins, veðurfar, kvefsóttir, farsóttir. Kafli um yfirsetukonur og skottulækna. Tilgreindur er fjöldi sjúkdómsgreininga og getið um fæðingar þar sem læknisaðstoðar þurfti við. Barnaskólar taldir upp og fjöldi nemenda. Meðferð á sveitarómögum og fjöldi geðveikisjúklinga. Kafli um kirkjur, samkomuhús, húsakynni alþýðu, viðurværi alþýðu, réttarkrúfn-



Georg Georgsson læknir var konsúll og yfirmaður Franska spítalans á Fáskrúðsfirði. Árskýrslur hans eru ítarlegar og vel læsilegar.

ingar og bólusetningar. Fjöldi sullaveikisjúklinga í héraði, sem og holdsveikra og berklaveikra. Þá er gjarnan sagt sérstaklega frá skurðaðgerðum og óvenjulegum tilfellum. Mér datt í hug að heilaaðgerðar hlyti Georg að hafa getið sérstaklega í árskýrslu sinni enda ekki á hverjum degi sem héraðslæknir framkvæmir slíka. Ársskýrslur Georgs eru ítarlegar og læsilegar. Fyrir árið 1903 skrifar Georg:

Piltur 20 ára gamall sem þjáðst hafði í fleiri ár af höfuðverk öðru megin í höfðinu sem þegar hann var sárastur var localiseraður á litlum bletti. Þegar hann kom inn á spítalann hafði hann ópolandi kvalir. Lá hann þar fyrst í 6 daga og varð að fá morfin oft á dag. Svona var hann þá bú-

inn að vera í 2-3 vikur samfleytt. Engin önnur symptom. Jeg gjörði þá trepanation af þeirri ástæðu að jeg hjelt að þetta gæti máské verið sullur. Punction inn í heilann gaf negativt resultat. Sár gréri per primam. Strax eptir operationina fann sjúklingur ekkert til og hefur síðan verið alheill og unnið fulla vinnu.

Í manntali árið 1901 (Þjóðskjalasafn Íslands. manntal.is) er Jón Magnússon í Hvammi, sagður fæddur 1883 en aldur hans passar við að vera sá sem Georg segir frá í skýrslunni. Trepanatio er ævagömul skurðaðgerð þar sem boruð er hola í höfuðkúpuna til þess að hleypa út illum öndum en á sér stað í dag til dæmis ef hleypa þarf út blæðingu vegna áverka. Þennan unga mann taldi Georg hafa höfuðsull sem reyndist þó ekki vera en aðgerðin læknaði hins vegar alvarleg einkenni sjúklings sem hlýtur að hafa verið lækninum hulin ráðgáta. Mögulega skar Georg á klemmda skyntaug við inngrípið, sem skýrt gæti þennan dramatíska bata. Ekki nefnir Georg að hann hafi notið aðstoðar annarra við aðgerðina. Jón Magnússon lést árið 1963.

Í leit minni að þessu tilfelli rakst ég á tvö önnur sem sýna hversu glöggur og áráðinn læknir Georg var. Árið 1902 rekur á fjöru hans eftirfarandi tilfelli:

Sjúklingur fékk við að hleypa skoti af byssu hvellhettubrot í oculus dext. Þegar hann kom til mín löngu seinna sást dálítið ör á cornea, hafði brotið gróið inni reactionslaust án nokkurs sársauka eða lítils. Sjón engin á auganu. Ráðlagði jeg þá sjúkling að koma til mín strax og hann fengi verk í augað, var hræddur við sympathisk ophthalmi, og að hitt augað myndi missast. Nokkrum mán. síðar

fékk hann ópolandi kvalir í augað og kom til mín á 3ja degi, var hann þá einnig farinn að finna til í oc. sín, þó ekki væri eins mikil brögð að því og hinu auganu. Til þess því að bjarga oc. sín. þá gjörði jeg enucleation á o.d. Gekk það allt að óskum og hitt augað varð brátt alheilt og verkurinn hvarf úr því eftir operationina.

Sympathetic ophthalmia er sjaldgæfur kvilli en lithimnubólga myndast í sködduðu auga og það óskaddaða bregst við á sama máta. Hippocrates mun fyrstur hafa lýst þessu fyrirbæri sem á sér ónæmisfræðilegar skýringar en heila augað getur tapast af þessum sökum. Í ársskýrslu fyrir árið 1905 segir:

Franskmaður datt og lenti með klofið á skörpum lúgu barmi. Tók strax að blæða allmikið út um orificium urethra. Var reynt að koma inn Nélatons katheter en ómögulegt að koma honum lengra en aftur í pars membranoa; gjörði sú tilraun bara að auka blóðrásina. Var þá sjúklingurinn svæfður, lagður inn málmkatheter, sem heldur ekki var hægt að koma lengra inn, því næst var gjörð urethrotomia externa og skorið inn á katheterinn frá perineum. Frá sárinu var síðan lagður Nélatons katheter inn í blöðruna og periferi endinn færður í gegnum urethra. Sterilar umbúðir, engin sutur á sárið. Catheterinn var svo látinn liggja í .e. 3 vikur. Nær þá var bæði rupturan og urethrotomisárið gróið. Engin striktura.

Áverkar á þvagrás tengjast gjarnan mjaðmagrindarbrotum en þá rifnar aftari hluti rásarinnar vegna brotatilfærslu á lífbeini. Í tilfelli því sem Georg lýsir er líklegast að bulbar hluti þvagrásarinnar



Hjónin Georg og Karen Tobine um borð í Heilögum Franz af Assisi. Sjá má læknishúsið á milli þeirra og spítalann til hægri.

hafi rofnað við beinan áverka. Í báðum tilvikum kemur til greina svokölluð „primary realignment“ eins og Georg framkvæmir fagmannlega en nú á dögum er mælt með að settur sé suprapubiskur þvagleggur og átt við óhjálpslegu örfefsmýndun og þrengsli síðar.

Nélaton þvagleggir eru kenndir við Auguste Nélaton franskan skurðlækni (1807-1873) sem hannaði þvaglegg úr gúmmí. Endin var lokaður en með hliðaropum og kom í stað þvagtökuleggja úr málm. Foley þvagleggurinn sem kenndur er við bandarískan skurðlækni Fredrik Foley kom til sögunnar 1929 en belgur við enda þvagleggsins tryggði að leggurinn héldist innan þvagblöðrunnar. Það reyndist vera byltingakennd upp-götvun.

Þegar Læknatalið er skoðað og farið yfir æviágrip Georgs kemur í ljós að fyrri eiginkona hans, Karen Tobine Wathne, lést 27 ára gömul þann 29. desember 1912, sjö dögum eftir fæðingu þeirra þriðja barns. Í kirkjubók Kolfreyjustaðar kemur fram að hún hafi látist á Fáskrúðsfirði, í héraði eiginmannsins, en verið jarðsett á Seyðisfirði þaðan sem hún var ættuð. Dánarorsök í prestsþjón-

ustubók Dvergasteins (Seyðisfjarðar) er sögð nýrnabólga. Ekki er hægt að finna þess stað í ársskýrslu Georgs fyrir árið 1912 sem skrifuð er í maí 1913 að kona hafi látist í héraðinu skömmu eftir barnsburð. Í skýrslunni er hins vegar tekið sérstaklega fram að læknis hafi í engu tilfelli verið vitjað til sængurkonu. Það má þó sjá við upptalningu sjúkdóma ársins 1912 að eitt tilfelli af nephritis er skráð og þar fyrir aftan er athugasemdin: „dáin“. Þetta orð virðist vera það eina í skýrslunni sem vísar til persónulegra hörmunga skrásetjarans. Mögulega hefur það verið bakteríusýking í nýra, barnsfararsótt, fæðingareitrun eða jafnvel lungnablóðrek sem olli dauða móðurinnar viku eftir barnsburð. Klínísk einkenni, svo sem eggjahvíta eða gröftur í þvagi gætu hafa legið að baki greiningunni: Nephritis. Skýrslan er þó hljóð um þennan atburð sem hjó svo nærri lækninum.

Georg fluttist til Keflavíkur og lauk þar starfsæfinni. Hann lést árið 1940 og er jarðsettur í Hólavallakirkjugarði.

Þakkir; Jón Torfason, sagnfræðingur, Albert Eiríksson og Reynir Tómas Geirsson prófessor emeritus fyrir yfirlestur og ábendingar.